

REGLUGERÐ

um hækkun fjárhæða (frítækjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1985:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr. 54 170,00
Hjón	75 830,00

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júní 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir verið ákveðið að banna bifreiðastöður að austanverðu við Kalkofnsveg milli Tryggvagötu og Ingólfsstrætis.

Bannið tekur gildi 25. þ. m.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. júní 1985.

Sigurjón Sigurðsson.